

REGLUR

um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka

1. gr.

Töflu í 1. mgr. 6. gr. reglnanna skal breytt á þá leið að fjöldaviðmið vöruvalsdeildar B3 í febrúar, júní og október skal breytt úr 3 í 4. Að teknu tilliti til breytingarinnar er taflan svohljóðandi:

Vöruvalsdeild	Lágmarksframlegð þús. kr.	Færslumánuður og fjöldaviðmið											
		jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
B1	120		4				4				4		
B2	90		2				2				2		
B3	90		4				4				4		
B4	120		3				3				3		
F1	60		2				2				2		
S1	60		2				2				2		
S2	60		5				5				5		
V1	60	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
V2	180		4				4				4		
V3	60		2				2				2		

2. gr.

Töflu í 1. mgr. 10. gr. reglnanna skal breytt á þá leið að fjöldaviðmið vöruvalsdeildar B3 skal breytt úr 30 í 40. Að teknu tilliti til breytingarinnar er taflan svohljóðandi:

Vöruvalsdeild	Fjöldaviðmið
B1	65
B2	30
B3	40
B4	25
F1	40
S1	40
S2	100
V1	310
V2	55
V3	25

3. gr.

Tafla sérstakra vörudeilda, sbr. b liður 1. mgr. 15. gr., skal felld niður og í hennar stað skal koma ný tafla með sama heiti sem fylgir reglum þessum sem fylgiskjal.

4. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. skal bætast nýr stafliður, þ.e. c-liður, svohljóðandi:

c) eða eykur fjölbreytileika og/eða gæði vöruvals með sérstaklega ríkum hætti, t.d. vegna tímabundinna áherslna í vöruvali.

5. gr.

Reglur þessar öðlast gildi nú þegar

Reykjavík, 17. maí 2018,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir

